

**Ed.**

**40. Frumvarp til laga**

[39. mál]

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sbr. l. nr. 32 frá 7. apríl 1971 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „allt að 200 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi:  
allt að 300 milljónum króna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Á árinu 1965 fékk veðdeild Landsbanka Íslands með lögum nr. 73 frá 22. maí 1965 heimild til að gefa út bankavaxtabréf, allt að 100 milljónum króna. Með 1. gr. laga nr. 32 frá 7. apríl 1971 var gerð sú breyting á 1. mgr. 1. gr. l. 73/1965, að í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna“ kom „allt að 200 milljónum króna“.

Reglugerðir um útgáfu bankavaxtabréfa á grundvelli framangreindra laga hafa verið staðfestar sem hér segir:

Fyrir	19. flokk	.....	kr. 30	milljónir
—	20.	—	45	—
—	21.	—	10	—
—	22.	—	15	—
—	23.	—	30	—
—	24.	—	30	—
—	25.	—	40	—

Santals kr. 200 milljónir

Þar sem framangreind 200 milljón króna heimild hefur þannig verið notuð að fullu, þykir rétt að hækka hana um 100 milljónir króna, úr 200 milljónum króna í 300 milljónir króna.